

Hallgrímur J. Ámundason stofustjóri nafnfræðisviðs Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum var boðaður á fund nefndarinnar, ásamt fulltrúum frá Landmælingum og Sambandi ísl. sveitafélaga, til að ræða frumvarpið um örnefnanefnd.

Í umræðum hans við nefndina kom fram að ekki væri skýrt að það þyrfti að ráða nýjan starfsmann á stofnunina ef frumvarpið væri samþykkt. Í undirbúningi málsins var það hins vegar alveg skýrt, bæði að hálfu nefndarinnar sem gerði tillögur um breytingar á lögum um örnefnanefnd, mennta- og menningarmálaráðuneytis og stofnunarinnar. Þetta eru ný verkefni. Nafnfræðisvið hefur verið skorið umtalsvert niður á síðustu árum og nú er ekki mannaflí til að mæta þeim nýju verkefnum sem felast í frumvarpinu.

Nýr starfsmaður á nafnfræðisviði er því forsenda þess að frumvarpið virki, ef svo má segja. Slíkur starfsmaður kostar á ári 9 milljónir.

Ef þú þarft frekari upplýsingar, þá hikaðu ekki við að hafa samband við mig.

bestu kveðjur

Guðrún